



## Allir þurfa bústað

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

**Markmið:** Að nemendur átti sig á mikilvægi og vali dýra og manna á bústað. Umhverfið, frumþarfir manna og dýra og bústaðir þeirra. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum. Þjálfar leikni nemenda á vettvangi og eflir hæfni í verklegu námi.

**Námsgreinar:** Náttúrufræði, íslenska, myndmennt og lífsleikni.

**Aldur:** Yngsta stig og miðstig.



### VERKLÝSING

Kennari opnar umræðu með bekknum. Rætt um að allir þurfi bústað og hvað það er sem fylgir bústað manna og dýra. Hvað er líkt og hvað er ólíkt?

Nemendur gera bústað manna (tveir saman) og sýna nauðsynlega staði, s.s. matstað, samverustað, hvíld o.fl.

Umræður um bústaði sem við þekkjum ekki: Hvernig líta þeir út, t.d. bústaðir ánamaðks og kóngafólks? Skoðum myndir af ýmsum bústöðum.

### UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Teiknipappír, litir, flettitafla, myndir af mismunandi bústöðum. Gott að vera með mjög mikið af myndum til að skapa umræðu.

Heimildir: Náttúruverkefni bls. 23-24.